



Barnaheill

Save the Children Iceland

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. jan. 2008

Umsögn um: frumvarp til laga um framhaldsskóla. (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 320 - 268. mál.)

Barnaheill-Save the Children á Íslandi fagna umræddu frumvarpi en vilja þó gera nokkrar athugasemdir:

Í 2. gr. frumvarps til laga um grunnskóla (Þskj. 319 - 285. mál.) er getið um skyldur einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Barnaheill leggja til að slíkt markmið verði einnig í markmiðum laga um framhaldsskóla.

1) Athugasemdir er lúta að VI. kafla.

Barnaheill leggja mikla áherslu að réttur til framhaldsnáms sé tryggður og að námið og námsframboð taki mið af þörfum nemenda.

Í 32. gr. er kveðið á um hverjir eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Mikilvægt er að þeim nemendum sem einhverra hluta vegna tekst ekki að ljúka prófi úr grunnskóla með jafnöldrum sínum að vori sé tryggður aðgangur að námi við hæfi í framhaldsskóla strax að hausti, þó viðkomandi hafi ekki náð 16 ára aldri.

Í 33. gr. er kveðið á um skólareglur. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að ósamræmi skapist ekki á milli fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs og reglna er geta kveðið á um brottvísun nemenda úr skóla.

Í 34. gr. er kveðið á um stuðning til nemenda með sérþarfir. Að mati Barnaheilla er mikilvægt að þar sé tiltekinn sérstaklega réttur nemenda til einstaklingsmiðaðs náms, þ.e. að nemendur sem þurfa sértæka aðstoð, af hvaða ástæðu sem er, fái slíka aðstoð. Í þessu samhengi vilja Barnaheill beina sjónum að unglingum af erlendum uppruna sem hafa íslensku sem annað mál. Reynslan sýnir að þau standa verr að vígi en jafnaldrar þeirra og huga þarf sérstaklega að námsstuðningi við þau sem og að samstarfi skóla við forráðamenn þeirra. Niðurstöður verkefnisins “Framtíð í nýju landi” eru gott dæmi um hve einstaklingsmiðuð námsaðstoð getur skilað miklu til nemendanna og um leið til þjóðfélagsins alls.



Barnaheill

Save the Children Iceland

2) Ákvæði sem bannar ráðningu dæmdra kynferðisbrotamanna.

Að mati Barnaheilla ætti ákvæði sem bannar ráðningu dæmdra kynferðisbrotamanna að vera í lögum um framhaldsskóla líkt og frumvörp til laga um leik- og grunnskóla boða (sjá: þskj. 321-287. mál og þskj. 319-285.mál) og er nú þegar í æskulýðslögum nr.70 frá 2007.

Samtökin vilja í þessu sambandi minna á að hugtakið barn tekur til einstaklinga yngri en 18 ára sbr. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 og 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Fullkomlega eðlilegt er að löggjöfin reyni að vernda börn gegn þeim ofbeldismönnum sem hafa tilhneigingu til að sækjast eftir störfum með börnum. Markmiðið með slíku ákvæði er að reyna að koma í veg fyrir það að ráðnir séu til starfa í framhaldsskólum einstaklingar sem hafa sögu um kynferðisbrot gegn börnum. Að mati samtakanna ættu sömu sjónarmið að gilda um þetta atriði fyrir nemendur í framhaldsskóla yngri en 18 ára,og gera um nemendur í leik-og grunnskóla.

Virðingarfyllst,

Petrína Ásgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri Barnaheilla.